

**Nd.**

## **466. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Halldór Stefánsson, Jón Ólafsson.

### **1. gr.**

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Seyðisfirði og sannar, að hann eða það hafi til þess nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, ef bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar mælir með beiðninni, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenskt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins. Ennfremur skal stjórninni heimilt að veita verksmiðju-eigandanum leyfi til þess að kaupa síld af erlendum veiðiskipum í næstu 10 ár handa verksmiðjunni, að svo miklu leyti sem eigi er unnt að tryggja henni nægilegt síldarmagn frá innlendum skipum.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **Greinargerð.**

Alþingi hefir nú með öllu synjað um fjárframlag til þess að koma upp innlendri síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði. Virðist því engin ástæða til að meina erlendum mönnum, sem kynnu að vilja leggja fram fé til stofnunar slíks fyrirtækis, að taka upp þennan atvinnurekstur þar eystra. Af því myndi leiða: 1) aukning atvinnu í bænum, en þar er nú stórkostlegur atvinnubrestur, 2) bætt afkomuskilyrði fyrir sjávarútveginn á Austfjörðum, sem nú er aðþrengdur mjög og getur nær engin not haft af hinum miklu og tíðu síldargöngum, og 3) auknar tekjur fyrir ríkissjóð.